

Fundargerð 56. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 8. september kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur.

Ólafur Þór Ólafsson boðaði forföll. Friðrik Már Sigurðsson var fjarstaddur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samráðsnefnd um samræmda móttöku flóttafólks - 2012044SA

Fram kom ósk um að ræða á fundinum stöðu mála varðandi samræmda móttöku flóttafólks. Fram kom óánægja af hálfu sveitarfélaga með það hve lítið samráð hafi verið haft við sveitarfélög um hvernig staðið verði að móttöku flóttamanna frá Afghanistan. Ljóst er að um er að ræða umtalsverða aukningu umfram gildandi samninga sem gerðir hafa verið við sveitarfélög. Jafnframt komu fram ábendingar um ágalla á núverandi fyrirkomulagi og að þörf sé á að endurskoða samninga í ljósi fenginnar reynslu.

Niðurstæða umræðu er að nefndin leggur til að sambandið óski eftir fundi með félagsmálaráðuneyti og Fjölmenningssetri til að ræða framkvæmd samræmdrar móttöku flóttafólks.

2. Þjónusta Landspítala við langveik börn - Rjódrið - 2109007SA

Tilkynning barst til sveitarfélaga frá Landspítala um takmörkun á þjónustu við langveik börn. Um er að ræða einhliða ákvörðun Landspítala tekin án samráðs við sveitarfélög. Fram kom að málið hefur verið til umfjöllunar á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er líklegt að ákvörðun spítalans hafi mest áhrif á því svæði.

Að áliti félagsþjónustunefndar vekur erindi Landspítala til sveitarfélaga fleiri spurningar en það svarar. Mikilvægt sé því að sveitarfélög kalli eftir frekari skýringum af hálfu spítalans. Nefndin hvetur til þess að sambandið og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi samráð um hvernig brugðist verði við erindinu.

3. Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. - 2108014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins að drögum um heilbrigðisstefnu í málefnum aldraðra.

Nefndin lýsir yfir ánægju með umsögnina og hvetur jafnframt til þess að sambandið

fylgi umsögninni markvisst eftir gagnvart næstu ríkisstjórn.

4. Skýrsla starfshóps um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda. - 2108017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda.

Nefndin tekur undir þær áherslur sem fram koma í umsögninni.

5. Aðgerðaráætlun um heilsueflingu aldraðra 2021. - 2101070SA

Lögð fram til kynningar aðgerðaráætlun um heilsueflingu aldraðra.

Nefndin hefur þær ábendingar við aðgerðaáætlunina að skýra mætti betur hlutverk þeirra aðila sem eru tilgreindir sem framkvæmdaraðilar. Jafnframt þurfi að skýra hvernig aðgerðir verði fjármagnaðar.

6. Fjármálaráðstefna 2021 - 2009307SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs greindi frá dagskrá málstofu um rekstur sveitarfélaga, sem haldin verður á síðari degi fjármálaráðstefnu, þann 8. október n.k.

Þar sem stjórn sambandsins hefur lagt áherslu á að kjörnir sveitarstjórnarmenn verði í forgangi varðandi þátttöku á fjármálaráðstefnu í staðfundu eru stjórnendur sveitarfélaga hvattir til að nýta sér þann möguleika að taka þátt í ráðstefnunni rafrænt.

7. Útdeiling fjármuna vegna innleiðingar á farsældarlögum. - 2108023SA

HLH-ráðgjöf hefur unnið tillögu að áætlun um útdeilingu fjármagns vegna samþættingarlaga, mat á ávinningi auk árangursmælikvarða. Arnar Haraldsson frá HLH- ráðgjöf kom á fundinn og fór yfir yfir markmið laganna og kostnaðarmat á sameiginlegum fundi fræðslumála- og félagsþjónustunefnda sambandsins.

Fram kom að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að sjá um útdeilingu fjármagns eftir tilteknu líkani en viðmið þar um eru enn á tillögustigi. Lagt er til að þau taki mið af nokkrum breytum: fjölda barna, hlutfall barna sem fær stuðning, hlutfall barna af erlendum uppruna og mögulega félags- og fjárhagslegrar stöðu. Ljóst er að þessar breytur geta verið mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og mikilvægt að hafa til hliðsjónar við útdeilingu fjármagns. Þá er afar þýðingarmikið að öll skráning á þörf og hagnýtingu sveitarfélaga á fjármagni verði skráð með samræmdum hætti og nefndi Arnar app í tengslum við samræmda móttöku flóttafólks sem fyrirmynd að samræmdri skráningu og grunni að árangursmati. Búið er að tryggja fjármögnun í næstu fjármálaáætlun og gert er ráð fyrir að fram fari endurmat á innleiðingunni að þremur árum liðnum.

Fundi var slitið kl. 12:45

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Rannveig Einarsdóttir